



BLAKSAMBAND  
ÍSLANDS

## Stjórnarfundur 13 fimmtudaginn 14. mars 2019 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.

Mætt; Jason Ívarsson, formaður, Árni Jón Eggertsson, Kristín Hálfánardóttir, Steinn Einarsson, Sigurbjörn Árni Arngrímsson og Svandís Þorsteinsdóttir, Andri Hnikarr Jónsson í síma.  
*Afboð og mættu ekki;*, Stefán Jóhannesson,

### Dagskrá

- Ársþing
- Fjármál
- Bikarhelgin
- Smáþjóðaleikar
- Heiðursmerki
- Önnur mál

### Fundargerð

#### Ársþing:

Það hafa borist nægjanlega mörg framboð til stjórnar. Ekki hefur enn borist framboð til formanns sambandsins en þess er vænst að kjörnefnd takist að finna frambjóðendur í tæka tíð fyrir þingið. Rætt var um mönnun nefnda þingsins og aðeins rætt um framkomnar tillögur fyrir ársþingið.

#### Fjármál:

Lausafjárstaða sambandsins hefur batnað mikið frá síðasta fundi. Seinni greiðsla samnings við FIVB ( \$ 15.000 ) hefur borist. Búið er að úthluta úr Afrekssjóði ÍSÍ og viðskiptabankinn samþykkti aukna yfirdráttarheimild (kr. 5.000.000).

Samþykkt var að leggja tillögu fyrir ársþingið að hækka iðkendagjaldið um kr. 1.000.

#### Bikarhelgin

Keppnisgólfið verður lagt í Digranesi á fimmtudagskvöldinu fyrir helgina. HK mun sjá um veitingasölu auk boltafólks og moppara. Búið búið er að raða flestum öðrum starfsmönnum niður á vaktir.

Úrvalslið Mizunodeilda karla og kvenna verða kynnt á milli undanúrslitaleikjanna. Þá verða allir verðlaunahafar á staðnum.

Á þessari stundu er óvíst um aðkomu SportTv að útsendingu undanúrslitaleikjanna en unnið verður áfram að því að svo megi verða. Úrslitaleikirnir verða svo í beinni útsendingu á RÚV.

#### Smáþjóðaleikarnir

Leikarnir verða haldnir í Svartfjallalandi dagana 27. maí til 1. júní næstkomandi. Í næstu viku þarf að tilkynna stóra keppendalistann til ÍSÍ. Keppnislið karla og kvenna í innblaki verða send til keppinnar. Það verða 14 keppendur og 5 aðstoðarmenn í hvorum hópi. Lokahópur keppenda er ekki tilbúinn en aðstoðarfólk er að mestu klárt.

#### Heiðursmerki

Rætt var um hverja bæri að heiðra með gull- og silfurmerkjum á næsta ársþingi.

#### Önnur mál

Áfram var rætt um tillögur fyrir ársþingið. Einnig var nýfallinn úrskurður mótanefndar til umræðu.

*Fleira ekki tekið fyrir og var fundi slitið klukkan 18.16.*

*Fundargerð ritaði Jason Ívarsson*